

Ísfélag Vestmannaeyja - Þórshöfn  
Eyrarvegi 16  
680 Þórshöfn

Reykjavík, 6. desember 2019  
UST201901-225/G.F.  
08.10.02

**Varðar reglubundið eftirlit 2019 – fiskimjölsverksmiðja Ísfélag Vestmannaeyja á  
Þórshöfn**

Þann 15. október sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Ísfélags Vestmannaeyja á Þórshöfn. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Engin frávik komu fram við eftirlit en fjórar ábendingar um það sem betur mætti fara voru gerðar.

Virðingarfullst,



Gottskálk Friðgeirsson

  
Halla Einarsdóttir  
teymisstjóri

**Afrit:** Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Ísfélag V.eyja Þórshöfn Þórshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	15.10.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Ísfélag V.eyja Þórshöfn	Eftirlitsmaður	Hera Guðlaugsdóttir
Heimili	Eyrarvegur 16	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6601691219	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Rafn Jónsson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis	Kristinn Lárusson	Staðsetning	664973,026 638339,856

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum í starfsleyfi fannst í eftirliti þann 5. október 2017 og barst úrbótaáætlun þann 1. nóvember 2018. Úrbætur hafa ekki gengið eftir og því er frávikið enn opið. Senda skal Umhverfisstofnun nýja tímasetta úrbótaáætlun.

Engin ný frávik fundust í eftirliti en fjórar ábendingar um það sem betur mætti fara, voru gerðar í eftirlitinu.

## UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi. Mættir voru f.h. rekstraraðila, Rafn Jónsson og Kristinn Lárusson en eftirlitsmenn Umhverfisstofnunar voru Hera Guðlaugsdóttir og Gottskálk Friðgeirsson.

### Dagskrá eftirlits

1. Staða frávika og athugasemda:
2. Ný reglugerð um mengunarvarnareftirlit og ákvæði um tilöni eftirlits
3. Kröfur í starfsleyfi
4. ETS
5. Önnur mál
6. Skoðunarferð

1.a. Í mælingu frá 2015 kemur fram að ryk í útblæstri frá kötlum (reiknað að 3% súrefni) er yfir kröfum í starfsleyfi. Úrbótaáætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti 7. nóvember 2018 hefur ekki gengið eftir en þar er lagt upp með að sölu- og dreifingaraðili olíunnar minnki aukaefni í olíunni með því að auka síun, og að breytt verði blöndunarhlutfalli olíunnar svo ryk í útblæstri minnki. Eins var fyrirhugað að óska eftir breytingu á starfsleyfinu til þess að auka líkur á að verksmiðjan standist kröfur og losunarmörk náist. Þetta er enn frávik frá kröfum í starfsleyfi þar sem endurmæling á ryki í útblæstri frá kötlum hefur ekki farið fram.

Enn hefur ekki verið sýnt fram á að kröfum í starfsleyfi sé náð og því helst frávikið opið.

1.b. Samkvæmt mælingu frá 2015 á hraða útblásturs í skorsteini þar sem lyktareyðing fer fram þá er útblásturshraðinn 22,1 m/s og skorsteinninn er 35 m á hæð. Því eru kröfur starfsleyfis uppfylltar. Útblástur frá kötlum fer um 25 m háan skorstein og þar stjórnast útblásturshraðinn af á lagi.

1.c. Áfram er farið fram á að fullrúar verksmiðjunnar vinni með hafnarstjóra og slökkviliði að því að tryggja að æfingar fari fram á notkun á flotgirðingar sem heimiluð er vegna takmörkunar á stærð þróar um lýsisgeyma.

1.d. Í eftirlitsskýrslu síðasta árs var bent á að flokkun úrgangs hjá fyrirtækinu þurfi að taka mið af starfsleyfi sveitarfélagsins fyrir urðun á Bakkafirði. Úrgangsgámur sem tæma skal á urðunarstaðnum á Bakkafirði má einungis innihalda meðhöndlaðan úrgang sem fellur í flokk 2 og flokk 20 samkvæmt reglugerð nr. 1040/2016 og er ekki spilliefni. Allur annar úrgangur verksmiðjunnar þarf að fara í annan farveg. Bent var á að bæta þyfti aðstæður við úrgangsgáma þannig að fært sé fyrir lyftara við þá. Athygli rekstraraðila er enn beint að þessu.

2. Ný reglugerð nr. 550/2018 kveður á um kerfisbundið mat á umhverfisáhættu til þess að ákveða tilöni eftirlits. Þá skulu fiskimjölsverksmiðjur landsins bornar saman, unnið áhættumat og metið út frá því hjá hvaða verksmiðju stofnunin ætti að vera að beita sér. Tilöni eftirlits skal vera á bilinu amk.eitt eftirlit á ári fyrir þá starfsemi sem veldur mestri áhættu, til þess að vera á þriggja ára fresti fyrir fyrirtæki sem valda minnstri áhættu.

3. Farið var yfir kröfur í starfsleyfi.

Áhersluverkefni eftirlitsmannna í mengunarvarnareftirliti þetta árið er að fara yfir og skýra hvernig standa skal að tilkynningum til stofnunarinnar vegna mengunaróhappa. Lögð var áhersla á að tilkynningar til stofnunarinnar skal senda á tölvupóstfangi [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Þrjár áætlanir skulu liggja fyrir, áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, hreinlætisáætlun fyrir gólf verksmiðjuhúss og viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa og bráðamengunar. Til þess að tilkynningar til Umhverfisstofnunar berist á réttan stað þá var rekstraraðila bent á að uppfæra viðbragðsáætlun sína.

Mæla skal ástand landaðs afla daglega, fitu, svífefni og COD í frárennsli árlega og annað sjaldnar.

Bent er á að frárennslismælingar fyrir 2019 hafa enn ekki borist og vegna krafna um að draga úr ryki í útblæstri þarf að endurmæla ryk í útblæstri.

Skýrslur um grænt bókhald og útstreymisbókhald bárust á réttum tíma fyrir 1. maí sl.

4. Starfsmaður Umhverfisstofnunar í teymi loftlags og loftgæða, Hera Guðlaugsdóttir fór nú yfir ETS mál og útblástur CO<sub>2</sub>.

5. Farið var yfir kröfur í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfssemi í landi. Rekstraraðila kaupir olíur um lögn sem er á ábyrgð söluaðila og er einungis með daggeymi og lögn inn að kötlum. Þessi búnaður er ofanjarðar. Lysisgeymar hafa nýlega verið þykktarmældir og afgreiðslulögn á bryggju var þrýstiprófuð. Reglugerðin gerir sömu kröfur til olíu- og lýsismannvirkja.

6. Að loknum eftirlitsfundi var gengið um verksmiðjuna. Verksmiðjan og umhverfi hennar var skoðuð án athugasemda.

## ÁBENDINGAR

Rekstraraðila var bent á að senda inn nýja tímasetta úrbótaáætlun þar sem endurmæling á ryki í útblæstri hefur ekki farið fram. Endurmæla þar ryk í útblæstri til þess að sýna fram á að verksmiðjan standist kröfur starfsleyfisins.

Rekstraraðila er bent á að taka mið af kröfum í starfsleyfi sveitafélagsins til urðunarstaðarins á Bakkafirði. Úrgang sem ekki má urða í urðunarstað sveitafélagsins þarf að finna annan farveg, hugsanlega keyra um langan veg.


Rekstraraðila skal hafa tilvísun í netfang Umhverfisstofnunar í viðbragðsáætlun sinni til þess að tilkynningar berist á réttan stað.

Rekstraraðila er bent á að frárennslismælingar vegna ársins 2019 hafa enn ekki borist stofnuninni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.12.2019

  
Gottskálk Friðgeirsson